

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 74. fundur.

að Hlíðavegi 6, 11. apríl 2006, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun, seinni umræða.
3. Gjaldskrá v/búfjárefirlits, seinni umræða.
4. Erindi Péturs Bjarna Gíslasonar f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, ósk um tengingu við hitaveitu.
5. Erindi UST, ósk um samstarf v/kortlagningar vega og vegslóða.
6. Stofnskjal v/lóð Kringla.
7. Stofnskjal v/ lóð rofahús.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**  
Oddviti setti fund.
2. **Fjárhagsáætlun, seinni umræða.**  
Fjárhagsáætlun til þriggja ára rædd og samþykkt.
3. **Gjaldskrá v/búfjárefirlits, seinni umræða.**  
Eftirfarandi gjaldskrá rædd og samþykkt.

# GJALDSKRÁ

## Fyrir búfjárefirlit á svæði 19 (Aðaldælahreppi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit).

1.gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11.gr.laga nr.103/2002, um búfjárhald o.fl., er kr. 5.900.

2.gr.

Gjald fyrir aukaeftirlitsferðir sbr. 12.gr.laga nr.103/2002, um búfjárhald o.fl., er kr. 9.500.

3.gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15.og 16.gr.laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 2.500.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Gjald á ekinn km.er kr. 51.

4.gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv.1., 2., og 3.gr.

5.gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður í sveitarstjórnnum Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, er sett með heimild í 4.mgr. 10.gr.laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

#### **4. Erindi Péturs Bjarna Gíslasonar f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, ósk um tengingu við hitaveitu.**

Borist hefur bréf frá Pétri Bjarna Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, þar sem óskað er eftir að fuglasafnið tengist hitaveitu Skútustaðahrepps. Erindinu vísað til veitnanefndar.

#### **5. Erindi UST, ósk um samstarf v/kortlagningar vega og vegslóða.**

Borist hefur bréf frá UST dags. 30. mars 2006. Fram kemur í bréfinu að á undanförunum árum hafi Landmælingar Íslands og Vegagerðin unnið að kortlagningu vega og vegslóða. Jafnframt hafi verið í gangi vinna til að reyna að koma í veg fyrir akstur utan vega með áherslu á hálendi Íslands. Nefnd um akstur í óbyggðum sem fulltrúar Landmælinga Íslands, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar áttu sæti í lagði til við umhverfísráðherra vorið 2005 að á næstu árum yrði unnið að kortlagningu vega og að öllum vegum sem opnir væru almennri umferð yrði komið á skipulagskort sveitarfélaga. Lagt var til að málið yrði unnið í nánú samráði við sveitarfélög landsins á næstu tveimur til þremur árum. Umhverfísráðherra hefur óskað eftir að málinu verði flýtt eins og kostur er og það unnið í áföngum þannig að byrjað verði á að gefa út kort og leiðbeiningar fyrir ferðamenn sem sýni þá vegi sem öllum er heimilt að fara um á hálendi Íslands. Eftir stæði þá kortlagning og afmörkun þeirra vegslóða sem einhver áhöld kunna að vera um hvort leyfilegt sé að aka. UST og LÍ hefur verið falið að halda utan um verkið og stefnt er að útgáfu korts í júní í sumar. Óskað er eftir samstarfi við sveitarfélög sem stjórnsýslu og skipulagsvald eiga á hálendi Íslands.

Sveitarstjórn samþykkt að auglýsa eftir athugasemdum landeiganda í Mývatnssveit við kortin. Athugasemdum skal skila fyrir 26. apríl n.k.

**6. Stofnskjal v/lóð Kringla.**

Borist hefur uppdráttur unnin af Búgarði, frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis dæluhús í Kringlu. Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn. Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**7. Stofnskjal v/ lóð rofahús.**

Borist hefur uppdráttur unnin af Búgarði, frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis rofahús sem áður tilheyrði Kísiliðjunni (sögualdarbærinn). Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn. Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Þuríður Snæbjörnsdóttir,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.